

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Deiliskipulag frístundalóða við Krækishóla í landi Skálmholts.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir þremur frístundalóðum þar sem hámarksstærð húsa er 200 m² og hámarkshæð húsa er 6 m. Heimilt er að reisa 40 m² aukahús á lóðinni. Samþykkt í sveitarstjórn 4. júní 2008.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 14. janúar 2009.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. janúar 2009